

Fagridalur: Leiðin liggur áfram með þjóðvegnum og með heimreið að Fagradal norðanvert. Núverandi íbúðarhús stendur að hluta til á sama stað og gamli bærinn³². Ef lögnin verður lögð að húsinu framanvert gæti það mögulega valdið raski á minjum en hjá því mætti komast með því að leggja annað hvort vesturfyrir eða austurfyrir bæjarstaðið.

Skjöldólfssstaðir: Við þjóðveginn liggur leiðin yfir brú á Fagradalsá meðfram veginum að heimreið Skjöldólfssstaða, upp með heimreiðinni og að núverandi íbúðarhúsi. Það stendur 60 m austur af bæjarhöllinni og útihús stóðu enn fyrir. Okosturinn við leiðina er hve hún er löng (3 km), en milli bæjanna er einungis 1 km. Önnur möguleg leið milli Fagradals og Skjöldólfssstaða sem komið er á vettvangi liggur til SA frá Fagradalsbæ, þverar Fagradalsá, yfir Bláurð og ífar til heimreið Skjöldólfssstaða niður með túni austur að íbúðarhúsinu. Á þeirri leið er engar þessar mörk.

Fvjar: Frá vegáttinni þjóðleiðar öftrunum vestur Skjöldólfssstaða liggur leiðin í vegkanti þjóðvegarsins að veyjum þar upp með heimreið og að íbúðarhúsinu á Gamla Leðinu sem þar er nú. Stendur leiðin í gamla stöðu þá stóðu hús stóðu um 60 m austur af þessum eldra bæjarstaði var rúmum 100 m frá húsinu³³.

Ósi: Leiðin liggur síðan meðfram veginum, framhjá nýrúnni Lágafelli (1933) að Ósi. Liggur lögnin með heimreið íbúðarhúsinu sem stendur á gamla bæjarleðinu. Talvert rask hefur verið á hlaðinu í gegnum árin en ekki er tiltekið að lagatæði hlendi í mannvistarleifum.

³² Túnakort 1919; Örnefnaskrá (ópr., Örnefnastofnun); SJM III, s. 348-349.

³³ Túnakort 1919; Örnefnaskrá (ópr., Örnefnastofnun); SJM III, s. 350-351.

³⁴ Túnakort 1919; Örnefnaskrá (ópr., Örnefnastofnun); SJM III, s. 352-353.

³⁵ Túnakort 1919; Örnefnaskrá (ópr., Örnefnastofnun); SJM III, s. 354-355.

Niðurlag

Fyrirhuguð lagning ljósleiðara er stór framkvæmd. Að mestu leyti verður línun lögð meðfram vegum og slóðum. Við vegagerð verður talsvert rask og svo háttar í Breiðdal að víða eru miklir melar og voru vegir þannig gerðir að mölin sem þar er var einfaldlega notuð í vegarstæðin og ýtt upp hvoru megin frá til að byggja upp vegarstæðin. Er því allt land við vegina raskað. En lögnin liggur einnig í hlað á flestum bæjum í sveitinni og þar er helst minja að vænta. Nokkrar jarðir hafa farið í eyði á 19. öld og öndverðri 20. öld, en nýbýli spröttið upp víða, einkum á árunum 1943-1965. Auk þess hafa eldri bæjarhús verið flutt um set mjög víða í byggðarlaginu. Skýra þessar breytingar á byggðinni, ásamt vegagerðinni, þá óvæntu niðurstöðu að í raun mun lagning ljósleiðara um alla sveitina líklega valda afar litlu raski á fornleifum. Með fyrirvara um að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask þá virðist sem svo að einungis á Ósi og Fagradal gæti framkvæmdin orsakað rask á minjum. Er þessi niðurstaða þó einnig með þeim fyrirvara að ekki hefur verið gerð aðalskráning fornleifa fyrir hreppinn nema á þremur jörðum. Þessi fornleifakönnun byggist engu að síður á sömu heimildum og aðalskráning, og er jafnframt niðurstaða athugunana á vettvangi. Hvað Ós og Fagradal varðar, mun minjavörður Austurlands skera úr um hvort hafa þurfi eftirlit með framkvæmdum á þessum stöðum.